

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
Hinrik Greipsson
Skulagötu 4
150 Reykjavík

Kaldrananeshreppur

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	
Skj. n.	10.7.2
Innk.	20. JAN. 2012
Abm.	HG Fskj.
SLR	1100052

Drangnesi 18. janúar 2012

Efni; Byggðakvóti

Eftirfarandi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps þann 18.1.2012

Með vísan í reglugerð nr. 1182/2011 óskar Kaldrananeshreppur eftir að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 6. og 9. gr. um úthlutun byggðakvóta Kaldrananeshrepps.

Breytingarákvæði við 6. grein.

Fallið verði frá skilyrði um tvöföldun löndunarskyldu þess aflamarks sem fiskiskip fá úthlutað samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1182/2011. Og skal öllum byggðakvóta landað til vinnslu í þorskígildum talið.

Breytingarákvæði við 9. greinina

Ekki er heimilt að leigja frá sér úthlutaðan Byggðakvóta heldur skal hann allur veiddur og honum landað til vinnslu á Drangnesi. Þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

Greinargerð:

Eins og aðstæður eru núna á leigumarkaði aflaheimilda og í ljósi skerðinga síðustu ára í bolfiski þá er það ljóst að útgerð frá Drangnesi getur ekki verið rekin nema að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti falli frá skilyrði um tvöföldun þess aflamarks sem fiskiskip fá úthlutað í byggðakvóta Kaldrananeshrepps. Ástandið á leigumarkaði og skerðingar gera það að verkum að nánast ókleift er fyrir útgerðir á Drangnesi, Kaldrananeshreppi að stunda bolfiskveiðar en útgerðir hér hafa þurft að sækja töluvert af aflaheimildum inn á leigumarkaðinn en nú er lítið sem ekkert framboð og verðin mjög svo óásættanleg. Vegna mikillar ýsugengdar á miðum hafa útgerðir neyðst til að láta frá sér þorskvóta í skiptum fyrir ýsukvóta til að geta náð einhverjum þorski á land, eru þessi kvótaskipti nauðsynleg vegna mikils meðafla af ýsu. Útgerð og fiskvinnsla eru aðal atvinnuvegurinn á Drangnesi og því gríðarlega mikilvægt að byggðakvótinn nýtist sem best í þágu byggðarlagsins. Varðandi breytingarákvæði við 9. grein þá er það skoðun sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps að Byggðakvóta sé úthlutað til að auka atvinnu bæði til sjós og lands en ekki til að leigja hann burt út byggðarlaginu. Hafi útgerð ekki hug á að veiða byggðarrkvótann þá á hún að afsala sér honum aftur þannig að hann geti nýst öðrum til atvinnusköpunar í byggðarlaginu.

Virðingarfyllt
Fh Kaldrananeshrepps

Jenny Jensdóttir
ODDVIT
Jenny Jensdóttir, oddvit
KALDRANANESHREPPS